

Aðalfundur Sunddeildar Ungmennafélags Selfoss 2008

Haldinn í Tíbrá 2008

Fundur settur klukkan 20:10

Örn Guðnason framkvæmdastjóri UMFS kosinn fundarstjóri

Árni kosinn fundarritari

Fundargerð síðasta aðfundar samþykkt einróma

Formaður les skýrslu sína.

Gjaldkeri leggur fram reikninga félagsins fyrir árið 2007 og skýrir einstaka færslur með sóma.

Orðið laust um skýrslu formanns og reikninga félagsins.

Örn lýsir ánægju sinni með verk deildarinnar og rekstur.

Óvissa með götusópið rædd. Skorað á nýja stjórn að heyra sem fyrst í Guðmundi Elíassyni framkvæmdastjóra hjá Framkvæmda- og veitusviði Sveitarfélagsins Árborgar.

Umræða um þjónustusamninga UMFS við Árborg. Fundurinn vill bóka að tryggt sé að tekjur af götusópi falli ekki niður í umræddum þjónustusamningum.

Fjárhagsáætlun lögð fram og rædd.

Lagt til að fé vegna æfingabúða og annarra félagslegra þarfa verði aukinn um 150.000 krónur og tekjur vegna götusóps lækkaðar um 200.000 krónur frá uppkasti að fjárhagsáætlun. Gert er ráð fyrir að jákvæð afkoma félagsins verði 160.000 krónur.

Stjórnarkjör tekið fyrir og lagt til að:

- Guðmundur Jóhannesson verði formaður
- Guðbjörg Árnadóttir verði gjaldkeri
- Guðbjörg Oddsdóttir verði ritari
- Sigrún Sunna Skúladóttir verði meðstjórnandi
- Steinunn Aradóttir verði meðstjórnandi

Varastjórn:

- Bryndís Jónsdóttir
- Arndís Harpa Einarsdóttir
- Ingibjörg Elfa Laugdal Stefánsdóttir

Tillögurnar samþykktar einróma.

Aðrar umræður.

Foreldri á fundinum lýsir óánægju sinni með upplýsingagjöf Sunddeildarinnar til foreldra.

Einnig rætt um samstöðu á mótum, fastari leikreglur og aga á mótum, í æfingabúðum, í ferðum og á öðrum samkomum þar sem deildin kemur saman.

Örn skorar á nýja stjórn að Sunddeild UMFS verði fyrirmyndarfélag á árinu. Hann kynnir umrætt starf.

Sagt frá samningi við Hummel um búninga.

Fundi slitið klukkan 21:30

Árni Laugdal.